



Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Borg, 13. október 2025

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

Vísað er til tilkynningar stjórnvalda, dags. 22. september sl., þar sem kynnt er til samráðs mál nr. 180/2025 - „Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011“.

Sveitarfélagið telur endurskoðun laganna mikilvæga og styður almennt við markmið um skýrara lagaumhverfi, ábyrga fjármálastjórn og eflingu lýðræðis og gagnsæis í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Hins vegar gerir sveitarfélagið alvarlegar athugasemdir við tiltekin atriði frumvarpsins, einkum þau sem varða sameiningar sveitarfélaga og valdheimildir ráðherra.

1. Andstaða við frumkvæðisvald ráðherra til sameiningar sveitarfélaga

Sveitarfélagið mótmælir eindregið ákvæðum frumvarpsins sem fela í sér að ráðherra geti haft frumkvæði að sameiningu sveitarfélaga með færri en 250 íbúa og ákveðið slíka sameiningu með stjórnsýsluákvörðun. Slíkt er í beinni andstöðu við 78. gr. stjórnarskrárinnar og Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga, þar sem kveðið er á um rétt sveitarfélaga til að ráða málefnum sínum sjálf. Ráðherra má ekki fá heimild til að sameina sveitarfélög gegn vilja íbúa eða sveitarstjórnar. Þetta væri fordæmalaust inngrip í lýðræðislegan rétt íbúa og sjálfsforræði sveitarstjórna. Slík breyting gæti jafnframt skapað hættu á mismunun sveitarfélaga eftir stærð og farið gegn jafnræðisreglu stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Það myndi einnig grafa undan trausti og samstöðu innan sveitarstjórnarstigsins.

Grímsnes- og Grafningshreppur áréttar að ákvörðun um sameiningu sveitarfélaga verði áfram alfarið í höndum íbúa og sveitarstjórna, í samræmi við núgildandi sveitarstjórnarlög. Sameiningar geta verið farsælar þegar þær eru gerðar á frjálsum og gagnsæjum forsendum, en ekki með þvingun eða íhlutun ríkisvaldsins.



2. Breytingar á byggðasamlögum og samvinnu sveitarfélaga

Í frumvarpinu eru lagðar til umtalsverðar breytingar á reglum um byggðasamlög og samvinnu sveitarfélaga. Grímsnes- og Grafningshreppur tekur undir mikilvægi þess að samvinnuform sveitarfélaga séu skýr og lýðræðisleg, en setur spurningarmerki við umfang og eðli þeirra breytinga sem boðaðar eru. Áréttað er að breytingar á skipan byggðasamlaga og valddreifingu milli sveitarfélaga verði unnar í nánú samráði við sveitarfélögin sjálf og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Sveitarfélagið leggur til að í stað þess að flækja regluverk byggðasamlaga verði lögð áhersla á einföldun, gagnsæi og aukið lýðræðislegt umboð. Skýra þarf sérstaklega hver beri endanlega ábyrgð á ákvörðunum byggðasamlaga gagnvart íbúum.

Jafnframt þarf að tryggja að kostnaðarskipting í byggðasamlögum sé réttlát og byggð á raunverulegum kostnaði, en ekki leiði til aukins fjárhagslegs álags á minni sveitarfélög.

3. Fjármál og eftirlit

Sveitarfélagið tekur jákvætt í aðgerðir sem styrkja ábyrgð í fjármálastjórn sveitarfélaga, s.s. gerð fjármálastefnu og aukinn gagnsæi í fjárfestingarákvörðunum. Mikilvægt er þó að eftirlitshlutverk ríkisins verði ekki þess eðlis að skerði ákvörðunarvald sveitarfélaga um eigin fjármálastefnu eða forgangsröðun verkefna. Fjármálastefna sveitarfélaga þarf að endurspegla raunverulegt sjálfsforræði sveitarstjórnarstigsins.

Grímsnes- og Grafningshreppur tekur undir afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga þess efnis að eftirlitshlutverk ráðuneytisins eigi að byggjast á samvinnu fremur en íhlutun og að jafnræði verði tryggt í fjármálareglum milli stórra og smárra sveitarfélaga.

4. Samráð og jafnræði sveitarfélaga

Grímsnes- og Grafningshreppur leggur þunga áherslu á að allar breytingar á sveitarstjórnarlögum verði unnar í víðtæku samráði við sveitarfélög af öllum stærðum. Sérstaklega verður að tryggja að minni sveitarfélög fái raunverulegt tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að. Sveitarfélagið tekur undir áskorun fundar sveitarfélaga með færri en 1.000 íbúa frá 2. október 2025 um að hafna öllum tillögum sem skerða íbúalýðræði og sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga.



6. Lokaorð

Grímsnes- og Grafningshreppur leggur áherslu á að endurskoðun sveitarstjórnarlaga verði nýtt tækifæri til að efla traust og samstarf milli ríkis og sveitarfélaga, en ekki til að draga úr sjálfstæði þeirra. Íbúalýðræði, gagnsæi og jafnræði milli sveitarfélaga verða að vera leiðarljós allrar lagasetningar á þessu sviði.

Að öðru leyti tekur Grímsnes- og Grafningshreppur undir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar


SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPS
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, sveitarstjóri